



Ársfundur Norðurá bs.

Árs- og eigendafundur Norðurá bs. haldinn á Mælifelli Sauðárkróki 15. september 2011 kl: 15:00

Mættir voru undirritaðir.

Dagskrá

1. Fundarsetning og starfsmenn fundar skipaðir.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur 2010.
4. Rekstaráætlun 2011 og 2012.
5. Kosning stjórnar og endurskoðenda.
6. Svæðisáætlun fyrir Norðurland.
7. Önnur mál.

1. Fundarsetning og starfsmenn fundar skipaðir

Magnús B. Jónsson setti fund og skipaði starfsmenn fundarins án athugasemda, þá Ástu Pálmadóttur fundarstjóra og Einar E. Einarsson fundarritara.

2. Skýrsla stjórnar.

Magnús B. Jónsson flutti skýrslu stjórnar og gerði í henni ítarlega grein fyrir forsögu og framgangi allra framkvæmda í Stekkjarvík árið 2010 en það ár voru nánast allar verklegar framkvæmdir gerðar og urðunarstaðurinn kláraður. Í heild þá tókust framkvæmdir vel og voru vel innan þeirra kostnaðaráætlana sem lagt var upp með en þar munaði mestu um hagstæð verð í gerð á sjálfu urðunarhólfinu. Urðunarstaðurinn fékk formlega útgefið starfsleyfi 26. nóvember 2010 og var hann formlega opnaður 21. janúar 2011.

3. Ársreikningur 2010

Kristján Jónsson endurskoðandi frá KPMG ehf., kynnti fyrirleggjandi ársreikning ársins 2010 fyrir Norðurá bs.

Engar rekstartekjur voru á árinu 2010 en móttaka sorps hófst í ársbyrjun 2011 og þar með hófst hin eiginlega starfsemi félagsins.

Heildarframkvæmdarkostnaður sem eignfærður er í ársreikningi nemur 276,5 milljónum, þar af var kostnaður ársins 2010 247,7 milljónir. Tap var á rekstri félagsins á árinu 2010 að fjáræð 12.529 þús.kr., samkvæmt rekstarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok var neikvætt um 7.006 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.



Til máls tóku Ágúst Þór Bragason og Magnús B. Jónsson. Að umræðum loknum var ársreikningurinn samþykktur samhljóða.

4. Áætlun 2012.

Margeir Friðriksson fjármálastjóri hjá Sveitarfélaginu Skagafirði lagði fram rekstraráætlun áráanna 2011 og 2012. Gangi tölur um áætlað magn til urðunar eftir er ekkert sem bendir til annars en að kostnaður verði eins og áætlað var í rekstarmódeli frá október 2010. Berist minna magn mun það hafa neikvæð áhrif á rekstarkostnaðinn en líka seinka stækkunarþörf hólfsins. Útlitið er engu að síður gott en á komandi mánuðum þarf að fylgjast vel með því magni sem er að berast og taka ákvarðanir í samræmi við það.

5. Kosning stjórnar og endurskoðenda.

Samkvæmt Stofnsamningi Norðurá bs. skal kjósa stjórn á ársfundi félagsins. Fundarstjóri bar upp svohljóðandi tillögu um stjórn sem var samþykkt samhljóða:

Frá Austur Húnavatnssýslu:

Magnús B. Jónsson, til vara Ágúst Þór Bragason

Frá Skagafirði:

Jón Sigurðsson, til vara Jón Magnússon

Gísli Árnason, til vara Einar E. Einarsson

Áheyrnarfulltrúi Flokkunar Eyjafjörður:

Ólöf Jósefsdóttir

Endurskoðandi var kosinn Kristján Jónasson frá KPMG ehf.

6. Svæðisáætlun fyrir Norðurland.

Eiður Guðmundsson gerði grein fyrir kostnaðar- og verkáætlun um gerð Svæðisáætlunar um sorpförgun fyrir allt Norðurland. Markmiðið með áætluninni er að ná utan um rauntölur um sorpmagn og tegundir á svæðinu og fá þannig góða mynd af viðfangsefninu og þeim lausnum sem í boði eru. Kostnaður við skýrsluna mun dreifast á sveitarfélögin eftir íbúafjölda en skýrslan mun einnig uppfylla kröfur um gerð svæðisáætlunar og verða skilað inn til Umhverfisstofnunar að gerð lokinni. Fram kom að fundarmenn litu svo á að gerð svæðisáætlunar væri í raun eitt af hlutverkum byggðasamlagsins og vísað til þess að stjórn Norðurrá hafi verið falin gerð svæðisáætlunar 2007-2020 sem þurfi nú að uppfæra og endurgera.



Eftir umræður um áætlunina var samþykkt samhljóða að Norðurá bs. yrði aðili að gerð skýrslunnar fyrir hönd aðildarsveitarfélaga Norðurár bs. jafnframt var samþykkt að niðurstaða áætlunarinnar verði ekki bindandi fyrir sveitarfélögin um lausnir á eyðingu úrgangs.

7. Önnur mál

Fráfarandi stjórnarmenn þeir Einar E Einarsson og Eiður Guðmundsson þökkðu gott samstarf við stjórn í skemmtilegu verkefni og Magnús sömuleiðis um leið og hann bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa.

Fundi slitið kl: 16:30.

Einar E. Einarsson, ritaði fundargerð.

Mættir fulltrúar á fundinn samkvæmt lista sem gekk:

Einar E Einarsson, Sveitarfélagið Skagafjörður.

Ásta Pálmadóttir, Sveitarfélaginu Skagafjörður.

Stefán Vagn Stefánsson, Sveitarfélaginu Skagafjörður.

Jón Sigurðsson, Sveitarfélaginu Skagafjörður.

Gísli Árnason, Sveitarfélaginu Skagafjörður.

Harpa Kristinsdóttir, Sveitarfélaginu Skagafjörður.

Margeir Friðriksson, Sveitarfélaginu Skagafjörður.

Ágúst Þór Bragason, Blönduósbæ.

Magnús B. Jónsson, Sveitarfélagið Skagaströnd.

Eiður Guðmundsson, Flokkun Eyjafjörður ehf.

Ólöf Jósefsdóttir, Flokkun Eyjafjörður ehf.

Jens P. Jensen, Húnavatnshreppi.